# Gagnalandslag ÞON

**Eigandi:** Inga Rós Gunnarsdóttir -
Skrifstofustjóri gagna og hugbúnaðarþóunar

**Þarfagreining**
Mikil tækifæri felast í hagnýtingu gagna, sérstaklega þegar kemur að innleiðingu gervigreindar í starfsemi borgarinnar. Gervigreind nýtir gögn til að læra og leysa aðgerðir sem annars myndu krefjast inngrips manneskju. Þar sem gervigreind byggir alfarið á gögnum er mikilvægt að tryggja gæði gagnanna sem hún vinnur með, það gerum við m.a. með því að byggja upp trausta gagnainnviði, stuðla notkun að hágæða gagna fyrir greiningar og fræðslu. Gagnalandslag ÞON hefur það markmið að byggja upp gagnainnviði sviðsins ásamt sjálfbærri og stýrðri gervigreindargetu sem nýtist þvert á svið og styrkir rekstur borgarinnar til lengri tíma.

**Áskorun**
- Ljóst er að ef borgin fjárfestir ekki í þessum málaflokki þá líða ekki meira en 1-2 ár þar til við höfum misst tök á gervigreind í umhverfinu okkar, upplýsingaóreiða, gagnaleki og tækniskuld mun hamla starfseminni og er áætlað að heildaráhætta og óbeinn kostnaður geti numið allt að 250 m.kr á næstu tveimur árum.

**Markmið**
- Markviss og traust upplýsingamiðlun
- Stafrænt aðgengi og aukið gagnalæsi
- Aukin tækifæri til nýsköpunar
- Aukið öryggi gagna
- Þróun, þjálfun og innleiðing gervigreindar
- Betri nýting á auðlindum

**Áætlaður ávinningur (ábatamat)**
- Hraðari á áreiðanlegri ákvarðanataka
- Aukið öryggi og réttleiki gagna
- Aukin tækifæri í hagnýtingu gervigreindar
- Fjárhagslegt hagræði

**Tímalína**
01.05.2026 – 01.05.2028

**Kostnaður**
Heildarkostnaður 172 m. kr.
Eignasjóður 172 m. kr.

**Verkefnateymi: Gagnaþjónusta**
**Stafrænn leiðtogi: Búi Bjarmar Aðalsteinsson**